

1990 nr. 76 17. maí**Lög um Skákskóla Íslands**

Tóku gildi 1. janúar 1991. Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og barnamálaráðherra** eða **mennta- og barnamálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Á vegum Skáksambands Íslands og í samvinnu við [ráðuneytið]¹⁾ starfar skóli er nefnist Skákskóli Íslands.

¹⁾ L. 126/2011, 146. gr.

■ 2. gr.

□ Skólinn er starfræktur í húskynnum Skáksambands Íslands. Skal árlega veittur til hans styrkur á fjárlögum sem hér segir:

a. Framlag sem nemi einu stöðugildi í 8. þrepi 144. lfl.

BHM.

b. Rekstrarstyrkur sem nemi hæfilegri leigu fyrir afnot húsnæðis.

■ 3. gr.

□ Hlutverk skólans er að annast skákkennslu og hafa á hendi hvers kyns fræðslu sem miðar að því að efla vöxt og viðgang skáklistarinnar á Íslandi. Skal skólinn m.a. halda námskeið úti á landi í samvinnu við skóla og taffélög.

■ 4. gr.

□ Skólastjórn Skákskóla Íslands skal skipuð þremur mönnum sem tilnefndir eru af eftirtöldum aðilum til þriggja ára í senn: [Ráðherra]¹⁾ skipar einn, Skáksamband Íslands skipar tvo, þar af annan í samráði við Félag íslenskra stórmeistara.

□ Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Nánar skal kveðið á um verksvið hennar í reglugerð.

¹⁾ L. 126/2011, 146. gr.

■ 5. gr.

□ Skólastjórn ræður skólastjóra Skákskóla Íslands sem annast rekstur skólans og ræður til hans kennara með samþykki stjórnar.

■ 6. gr.

□ Skólinn skiptist í almenna deild og framhaldsdeild. Nám í almennum deildum skal auglýst og greiða nemendur námsgjald fyrir. Í framhaldsdeild eru nemendur valdir á grundvelli inntökuprófs og skólavist ókeypiss. Kennslu í framhaldsdeild annast skákmeistarar sem laun þiggja samkvæmt lögum um launasjóð stórmeistara í skák.

□ Í starfsemi skólans er skylt að gæta jafnréttis kynjanna í hvívetna.

□ Nánar skal kveðið á um starfsemi deilda og tilhögun kennslu í reglugerð.¹⁾

¹⁾ Rg. 459/1990.

■ 7. gr.

□ Til að standa straum af kostnaði við stofnun skólans skal veittur sérstakur styrkur á fjárlögum ársins 1991.

■ 8. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að semja við önnur félagasamtök eða einkaaðila um rekstur skákskóla samkvæmt lögum þessum.

¹⁾ L. 126/2011, 146. gr.

■ 9. gr.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.